

KÓPAVOGSBÆR

Greinargerð með árshlutareikningi

1. janúar – 30 júní 2016

Fjármáladeild

2016

Frá fjármáladeild Kópavogsbæjar

Bæjarráð

Greinargerð með árs Slutareikningi Kópavogsbæjar pr. 30. júní 2016 er lögð fram til að draga fram helstu atriði sem vekja athygli við yfirferð uppgjörnsins. Tilgangurinn er að upplýsa bæjarráð um helstu niðurstöður uppgjörnsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks bæjarfulltrúa.

Árs Slutareikningurinn er eins og áður, óendurskoðaður og ókannaður en gerður í samræmi við lög og reglugerðir en þó þannig, að ekki eru samdar sérstakar skýringar aðrar en sú greinargerð sem hér er lögð fram. Uppgjörið er notað innanhúss til að kanna hvernig rekstrarkostnaður er að þróast og það myndar grunn að útkomuspá ársins 2016 sem áætlaður efnahagsreikningur ársins 2017 mun byggjast á.

Árs Slutareikningurinn er unninn á hefðbundnu uppgjörformi fyrir samstæðu Kópavogsbæjar og rekstraryfirlit á áætlunarformi. Í uppgjörinu er notast við tölur úr fjárhagsáætlun ársins sem grunn fyrir afskriftir fjármuna og fyrir reiknaða lífeyrisskuldbindingu. Fyrir liggur að breyting verður á forsendum til útreiknings lífeyrisskuldbindinga í náinni framtíð en ekki er ljóst hvort það verði á árinu 2016 eða síðar. Snýst hún um breytingu á lífslíkum og þar með lækkandi dánartíðni. Reikna má með að þessi breyting muni hafa áhrif á útreikning lífeyrisskuldbindinga LSK og þar með afkomu Kópavogsbæjar.

Rekstrarniðurstaða A-hluta samkvæmt þessu var jákvæð um 128 m.kr., en áætlun ársins, þar sem tekjum er dreift eftir greiðsluáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaða fyrra misseris yrði neikvæð um 114 m.kr.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Kópavogsbæjar A og B hluta, var jákvæð um 322 m.kr., en áætlun misserisins, dreifð eins og að framan greinir, gerir ráð fyrir tapi að fjárhæð 37 m.kr. Rétt er að nefna, að í sögulegu samhengi, þá falla til á fyrri helmingi árs um 48-49% af skatttekjum ársins en hins vegar stærri hluti útgjalda hjá ákveðnum sviðum.

Samkvæmt uppgjörinu hafa heildarskuldir samstæðu bæjarins lækkað nettó frá áramótum um 234 milljónir þrátt fyrir að verðtryggð lán hafi hækkað á fyrri árs helmingi vegna verðbólgu og að lífeyrisskuldbindingar hafi hækkað um 195 m.kr.

Í eftirfarandi greinargerð verður farið nánar yfir einstakar rekstrareiningar eftir því sem niðurstöður gefa tilefni til.

Ingólfur Arnarson
Fjármála- og hagsýslustjóri

1. Samstæðan

Rekstrarniðurstaða samstæðu Kópavogsbæjar, A og B hluta, var jákvæð um 322 m.kr. en áætlun ársins gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 37 m.kr. Ástæða mismunarins er einkum að skatttekjur eru heldur hærri en reiknað var með og að bókuð er tekjufærsla vegna lóðaúthlutana, sem ekki var á áætlun.

Hækkun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar á tímabilinu var 1,42%, en áætlun ársins miðaði við 4,2% ársverðbólgu. Sú tala byggðist á þjóðhagsspá fyrir árin 2014-2019 eins og hún birtist í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga 2016, sem var svo endurskoðuð þegar þjóðhagsspá að vetri kom út. Ómögulegt er að segja til um hvernig verðbólgan muni þróast það sem eftir lifir árs, en nýrri spár benda til að verðbólga ársins verði mun lægri verðbólga fjárhagsáætlunar 2016.

Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir fjármagnsliði, afskriftir og lífeyrisskuldbindingar var jákvæð um 2.391 m.kr. Þetta þýðir að framlegðarlutfall samstæðu var um 18%, en í reglum frá eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga er gert ráð fyrir að framlegðarlutfallið sé á bilinu 15-20%.

Heildareignir samstæðu voru 58.455 m.kr., þar af fastafjármunir 54.858 m.kr. og veltufjármunir 3.576 m.kr. Heildarskuldir með lífeyrisskuldbindingu voru 42.112 m.kr. og bókfært eigið fé 16.257 m.kr. sem gerir 27,8% eiginfjárhlutfall. Veltufjárhlutfall (veltufé/skammtíma-skuldir) er 0,68.

Veltufé frá rekstri samstæðu nam 1.441 m.kr. en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að niðurstaða ársins 2016 verði 3.416 m.kr. Handbært fé frá rekstri nam 728 m.kr., en mikið fé er bundið í kröfum vegna lóðaúthlutana.

Fjárfestingahreyfingar sýna að búið var að bóka framkvæmdir og fjárfestingar nettó fyrir 23 m.kr. á þessum tímamarki en jákvæð staða þýðir að verðmæti bókaðra lóðaúthlutana eru hærri en fjárfestingarnar. Einnig eru þarna breytingar á langtímakröfum sem t.d. tengjast úthlutun lóða. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 1.129 m.kr. sem skýrist fyrst og fremst af uppgreiðslu lána.

Handbært fé samstæðunnar nettó nam 103 m.kr. í lok tímabils.

2. A-hluti

Ársreikningur A-hluta er samantekinn reikningur Aðalsjóðs, Eignasjóðs, Byggingarsjóðs MK og þjónustumiðstöðvar.

2.1 Aðalsjóður

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var jákvæð um 189 m.kr. sem er lakara en áætlað var, en munurinn liggur fyrst og fremst lægri innri vöxtum og verðbótum frá rekstrareiningum vegna lægri verðbólgu en reiknað var með í áætlun. Þessi breyting hefur hins vegar engin áhrif á afkomu samstæðu Kópavogs. Skatttekjur í uppgjörinu eru hins vegar hærri en áætlað var og rekstrargjöld, fyrst og fremst menntasviðs fara umfram áætlun. Á manntasviði liggja útgjöld gjarnan þannig að meira en helmingur þeirra falla til á fyrri helmingi árs, þannig að miðað við óbreyttar forsendur ætti hallinn á sviðinu að jafna sig þegar líður að lokum árs. Rétt er hér að benda á, að breyttar forsendur um t.d. fjölda barna í skólum bæjarins geta hinsvegar breytt þeirri niðurstöðu.

Nettó rekstrarkostnaður málaflokka var 10.575 m.kr. en dreifð áætlun ársins gerir ráð fyrir 10.396 m.kr., þannig að þar er frávikið er um 1,7%. Hér á eftir er farið yfir helstu útgjaldaliði sviða.

2.1.1 Velferðarsvið

Rekstur velferðarsviðs er nánast á pari við áætlun á fyrra misseris ársins. Þeir liðir sem fara helst fram úr áætlun er vistun á stofnunum/heimilum, þjónustudeildir aldraðra og fatlaðra, ekki síst vegna aksturs og svo frekari liðveisla til fatlaðra. Fjárhagsaðstoð er hins vegar nokkið undir áætlun sem og reksturinn í íbúðakjarna í Austurkór.

2.1.2 Menntasvið

Heildarútgjöld fræðslusviðs eru 6.396 m.kr. en dreifð áætlun gerði ráð fyrir 6.166.

Leikskólar.

Rekstrarniðurstaða bæjarrekkinna leikskóla ásamt skrifstofu leikskólafulltrúa var 17 m.kr. lægri en hlutföllud áætlun Séu sjálfstætt starfandi leikskólar skoðaðir, þá er Kór 4,9% yfir áætlun (5,5 m.kr.) og Aðalþing 14,5% yfir áætlun (16,3 m.kr.). Skýringin þarna er annars vegar meiri aðsókn en áætlað var og að mönnun leikskólans er dýrari en áætlað var.

Þó bæjarreknu leikskólarnir komi vel út sem heild, þá vekur athygli hve misgóður rekstur þeirra er. Þeir sem standa sig best eru allt að 10% undir áætludum kostnaði á þessum tímamótum meðan á hina hliðina finnst dæmi um allt að 8,7% yfir áætlun. Skýring á halla getur legið í óvæntum langtímaveikindum sem hafa kallað á nýráðningar tilafleysinga.

Grunnskólar

Rekstrarkostnaður grunnskóla að meðtaldri grunnskóladeild og „grunnskólar sameiginlegt“ og gjaldfærsluhluta iPad verkefni var 177 m.kr. umfram hlutfallaða áætlun. Almennt er rekstrarkostnaður skóla þyngri á fyrri helmingi árs. Sjö skólar eru meira en 3% fram úr áætlun og þar af þrír sínu hæstir, en það eru Kársnesskóli (9,5%), Snælandsskóli (8,8%) og

Hörðuvallaskóli (8,8%). Hluti af skýringunni getur falist í fleiri nemendum en áætlað var að hefðu skólagöngu á árinu, en íbúafjölgun hefur verið mikil undanfarin misseri. Einnig er þekkt skýring á hærri launakostnaði langtímaveikindi og að fleiri nemendur þarfnist meiri sérþjónustu en var gert ráð fyrir við áætlanagerðina.

Tónlistarskólar

Kostnaður við tónlistarskóla er nokkuð yfir áætlun, eða um 26 m.kr., en það sama virðist gilda hér og með grunnskólana, kostnaðurinn er í hámarki þarna. Í byrjun september 2016 hefur hallinn á tónlistarskólunum minnkað verulega. Skólahljómsveitin er hins vegar undir áætlun.

2.1.3 Menningarmál

Þegar búið er að taka tillit til ógreiddra áfallinna innri færslna, þá eru menningarmálin 8,9 m.kr. yfir áætlun. Helsti munur liggur í tekjufærslum hjá Náttúrufræðistofu og bókasafni og einnig í kostnaði við rekstur Tónlistarsafns, en hann hefur orðið með aðeins öðrum hætti á fyrri hluta ársins 2016, en áætlað var,.

2.1.4 Íþróttá- og tómstundasvið

Þegar búið er að gera leiðréttingar á kostnaði, þá er sviðið um 17 m.kr. undir áætlun. Hér er búið að færa að nokkru leiti sumarvinnu og vinnuskóla og dreifa þeim á aðra liði til að halda ákveðnu jafnvægi. Annars munu þesir liður rétta sig af þegar kemur að lokum tímabilsins.

Félagsmiðstöðvar

Þann 30. júní voru félagsmiðstöðvar um 1,1 m.kr. undir hlutfallslegri áætlun. Sumar þeirra voru vel undir, en ein var 18,9% yfir.

Sundlaugar

Kópavogslaug var undir áætlun á þessum tíma en aðrar laugar nánast á áætlun.

Íþróttamannvirki

Rekstur litlu íþróttahúsanna og Fífunnar var nánast á áætlun þann 30. júní. Kórinn var hins vegar 6,5 m.kr. yfir áætlun. Aðal umframliðirnir þar eru viðhald, orka og rekstrarframlag. Strax var haft samband við umhverfissvið vegna orkukostnaðarins.

2.2.5 Umhverfissvið

Nettó útgjöld umhverfissviðs (skipulags- og byggingarmála) eru 36 m.kr. undir hlutfallslegri áætlun. Tekjur sviðsins á fyrri helmingi ársins eru hærri en reiknað var með (25 m.kr.) og munar þar mest um skipulagsgjald, en einnig byggingarleyfis- og úttektargjöld. Starfsmannakostnaður er 7,6 m.kr. undir áætlun sem og eru þjónustukaupin undir.

2.2.7 Sameiginlegur kostnaður

Þessi málaflokkur er 10 m.kr. yfir áætlun. Stærsti munurinn virðist liggja í hækkuðum mótframlögum til LSK sem og endanlegu uppgjöri við þá vegna 2015 (17,6 m.kr.).

Heildarútgjöld við rekstur stjórnsýslusviðsins (deildir 290-460) var 236 m.kr eða um 22 m.kr. undir áætlun.

2.2 Eignasjóður

Bókaðar tekjur eignasjóðs þann 30.06.16 eru annars vegar innri leiga 1.813 m.kr. auk þess sem tekjufærður er „söluhagnaður“ vegna úthlutana á lóðum. Áfallinn rekstrarkostnaður og fasteignagjöld eignasjóðs voru 549 m.kr., afskriftir 553,1 m.kr. og bókaður fjármagnskostnaður 943 m.kr.

Í áætlanavinnunni sem fer í gang í framhaldi af þessu hálfársuppgjöri þarf að leggja vinnu í að endurmeta tekjur eignasjóðs, þannig að þær nái betur að standa undir útgjöldunum. Í því samhengi þarf að hafa í huga, að hluti af vandanum liggur í eignum sjóðsins sem gefa ekki tekjur á móti t.d. vöxtum af fjárbindingu og afskriftum. Hér er fyrst og fremst um að ræða birgðir lóða sem eru enn lækkandi með úthlutun lóða á dýrum byggingarsvæðum.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var neikvæð um 231 m.kr.

Stærstu liðir í framkvæmdum eignasjóðs á fyrri hluta ársins eru framlög til Íþróttahúss Vatnsendaskóla samkvæmt samningi (107 m.kr.), breyting í íþróttahúsinu Kór fyrir Hörðuvallaskóla (82 m.kr.), Kaup á Digranesvegi 1 (589 m.kr.), Smiðjuvegur 74 (135 m.kr.) og Kópavogsbraut 17 (70 m.kr.).

2.3 Þjónustumiðstöð

Bókaðar tekjur þjónustumiðstöðvar í uppgjörinu eru 182 m.kr. og starfsmannakostnaður 139 m.kr. Mikill hluti af rekstrartekjum og rekstrarútgjöldum þjónustumiðstöðvar fellur til á sumrin og er millifærður frá öðrum stofnunum. Annar rekstrarkostnaður er 49 m.kr., afskriftir 8 m.kr. og fjármagnskostnaður 16 m.kr.

Tapið þann 30/6 var 29,1 m.kr. en samkvæmt áætlun var gert ráð fyrir 27,5 m.kr. tapi á sama tíma.

3. B-hluti

3.1 Kópavogshöfn

Umsvif hafnarinnar eru afar lítil, en heildartekjur í þessu uppgjöri eru 12,8 m.kr. eftir að lóðaleigutekjur frá aðalsjóði að fjárhæð hafa verið millifærðar. Starfsmannakostnaður er 4,9 m.kr., annar rekstrarkostnaður um 3 m.kr. og afskriftir 6,1 m.kr. Fjármagnskostnaður hafnarinnar er hins vegar 14,2 m.kr. Rekstrartap fyrstu 6 mánuði ársins nam um 15,6 m.kr á móti áætluðum 21 m.kr..

Eðlilegt væri að auka framlag bæjarins til hafnarinnar svo rétta megi af reksturinn, því það er ljóst að beinar rekstrartekjur munu seint geta staðið undir beinum rekstrarkostnaði. Á hafnarstarfsemi liggur mikill fastur kostnaður sem ekki er hægt að komast hjá þó starfsemi yrði lögð niður, hér er um að ræða afskriftir, fjármagnskostnað og tilfallandi smákostnað sem ekki verður komist undan þó starfsemi væri sett í algert lágmark.

3.2 Húsnæðisnefnd

Tekjur þessa reksturs voru 255 m.kr. eða um 19 m.kr. umfram hlutfall áætlunar. Enginn launakostaður liggur nú á rekstrinum en vöru- og þjónustukaup og skattar eru um 111 m.kr. Fjármagnsliðir eru um 175 m.kr. Rekstrarniðurstaðan í þessu uppgjöri er 57 m.kr. tap.

Hér er gott að hafa í huga, að samkvæmt lögum eru skuldir rekstraraðila (hér húsnæðisnefndar) færðar upp til núvirðis m.v. vísitölu, en fasteignahlutinn stendur óbreyttur á milli ára, burt séð frá eignabreytingum. Þannig myndast ákveðið misvægi eigna og skulda í efnahagsreikningum sem þýðir að þar liggur dulin eign sem verður ekki „sýnileg“ fyrr en við sölu eignar.

3.3 Fráveita

Rekstrarafgangur fyrstu 6 mánuði ársins nam 235 m.kr. Tekjur voru 510 m.kr. vöru- og þjónustukaup um 150 m.kr. og fjármagnsliðir 66 m.kr. Hjá fráveitu er ekki bókaður launakostnaður, hins vegar greiðir fráveitan fyrir ýmis verkefni sem leyst eru af hendi af umhverfissviði og í þjónustumiðstöð.

3.4 Vatnsveita

Rekstrarafgangur fyrri misseris nam 61 m.kr. Tekjur voru 282 m.kr., starfsmannakostnaður var 13,5 m.kr. og vöru- og þjónustukaup um 129 m.kr. Fjármagnsliðir eru um 35 m.kr. en rekstrarafgangurinn m 61 m.kr. Eins og hjá fráveitu, þá leysa umhverfissvið og þjónustumiðstöð ýmis verkefni fyrir vatnsveitu sem Varnsvetian greiðir fyrir.

3.5 Tónlistarhús

Rekstrarhalli fyrstu 6 mánuði ársins var 30 m.kr. en hlutfallsleg áætlun ársins gerir ráð fyrir 26 m.kr. Tekjur voru 9,9 m.kr., starfsmannakostnaður var 14,6 m.kr, og annar rekstrarkostnaður um 12 m.kr.